

HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Ársskýrsla 2020



EFNISYFIRLIT

Ávarp forstöðumanns	2
1. Inngangur	4
2. Hlutverk og verkefni héraðssaksóknara	5
3. Umfjöllun um helstu verkefni starfssviða	6
4. Umfjöllun um helstu markmið starfssviða	7
5. Almenn umfjöllun um markmið, áherslur og árangursmat	9
5.1 Áherslur og aðgerðir	9
5.2 Stytting málsmeðferðartíma og málshraðamarkmið	9
5.3 Fjöldi ákæruskjala	9
5.4 Niðurfelling sakamála, málsmeðferð, gæðamælikvarði o.fl.	10
5.5 Tölfræði og verkefni rannsóknarsviðs	11
5.6 Aukin menntun og þjálfun ákæranda og rannsakenda	12
5.7 Markmið um fjárhagslegan rekstur	12
6. Nýtt verklag við niðurfellingar mála og ný starfseining	13
6.1 Nýtt verklag við niðurfellingar mála á saksóknarsviði 1	13
6.2 Nýtt rekstrar- og stjórnslusvið	14
7. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu	15
7.1 Fræðsla á vegum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu	16
7.2 Fjórða úttekt FATF á fjármálakerfinu á Íslandi	16
7.3 Alþjóðlegt samstarf	16
8. Rekstur embættisins	18
8.1 Mannauðsmál	18
8.2 Húsnæði	19
8.3 Verkefni um græn skref í ríkisrekstri	19
8.4 Fjárheimildir og útgjöld	20
Lokaorð	21

Ávarp forstöðumanns

Ársins 2020 verður líklega minnst sem árs heimsfaraldurs kórónuveiru sem hafði mikil og djúpstæð áhrif á allt íslenskt samfélag. Starfsemi embættis héraðssaksóknara fór ekki varhluta af því og óhjákvæmilega urðu nokkrar breytingar á öllu starfsumhverfi. Skýrsla vegna starfsársins 2020 lítur hér dagsins ljós. Er hún fjórða ársskýrslan sem embættið gefur út. Þrátt fyrir ríkjandi heimsfaraldur var starfsemin í góðum farvegi.



Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari

Segja má að aðlaga hafi þurft starfsemina að þeim sóttvarnaraðgerðum sem viðhafðar voru hverju sinni. Heima- og fjarvinna starfsfólks var umtalsverð og fylgt var gildandi tilmælum yfirvalda um sóttvarnir og samkomutakmarkanir sem m.a. leiddi af sér verulegar takmarkanir á fjölda starfsfólks hverju sinni á starfsstöð embættisins á Skúlagötu 17. Þrátt fyrir þetta gekk vel að annast verkefni og fjöldamörg sakamál voru rannsökuð og rekin fyrir dómi. Er nánar fjallað um tölfræði sakamála, helstu markmiðssetningu, mælikvarða og árangursmat hér síðar.

Viðamikil verkefni skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og yfirstjórnar embættisins laut að svonefndum gráum lista FATF-samtakanna en umfjöllun um það efni má lesa í ársskýrslu 2019. Náðist sá áfangi haustið 2020 að koma Íslandi af gráa lista samtakanna eftir að unnið hafði verið að þeim úrbótum sem athugasemdir úr fjórðu úttekt FATF á Íslandi gerðu kröfur um.

Úr stjórnslu embættisins voru talsverð samskipti við dómsmálaráðuneytið og embætti ríkissaksóknara. Umfangsmikil verkefni ársins á þessu sviði voru innleiðing á verkefni um styttingu vinnuvikunnar og jafnlaunavottun. Skipaður var umbótagópur um styttingu vinnuvikunnar í febrúarmánuði og samtal starfsfólks fór fram um vorið og sumarið. Að hausti féllst dómsmálaráðuneytið á nýtt vinnutímafyrirkomulag héraðssaksóknara frá og með 1. janúar 2021. Verður mat lagt á árangur af verkefninu á árinu 2021. Þá framkvæmdi utanaðkomandi óháður faggitur vottunaraðili milliúttekt á jafnlaunakerfi héraðssaksóknara í októbermánuði. Bar svo við að niðurstaða úttektar varð á þá leið að engin frábrigði né heldur athugasemdir voru gerðar. Er embættið á réttri leið í þessu mikilvæga verkefni og verður áfram unnið að markmiðum jafnlaunavottunar. Í umhverfismálum hlaut embættið þriðja græna skrefið og uppfyllti

jafnframt silfurvottun hjólavottunar. Er markmið að ljúka innleiðingu á öllum fimm grænu skrefunum í árslok 2021.

Líkt og ég gat um í upphafi setti faraldurinn mark sitt á starfsemi ársins 2020. Hafði faraldurinn ýmsar afleiðingar í för með sér, m.a. lán starfsfólks embættisins til starfa í tengslum við almannavarnir og smitrakningu. Þá var viðburðum ýmist frestað eða þeir haldnir gegnum fjarfundarbúnað. Árlegri Norrænni efnahagsbrotaráðstefnu sem halda átti í Noregi í ágústlok 2020 var frestað fram til ársins 2021. Má segja að heimsfaraldurinn hafi leitt af sér aukningu fjarfunda, ný og breytt vinnubrögð og einnig bætt innra regluverk á embættinu, þótt einhver röskun hafi vissulega verið á hefðbundnu starfi.

Þrátt fyrir allt gekk starfsárið 2020 vel. Er það von mín að ársskýrslan gefi lesandanum góða innsýn í starfsár héraðssaksóknara 2020.

1. Inngangur

Héraðssaksóknari er undirstofnun dómsmálaráðuneytisins og fer með ákærvald á öllu landinu. Sem handhafi ákærvalds heyrir héraðssaksóknari undir embætti ríkissaksóknara sem er æðsti handhafi ákærvalds í landinu og getur gefið héraðssaksóknara bindandi fyriræli er varða meðferð mála. Að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við fyriræli ríkissaksóknara getur héraðssaksóknari gefið lögreglustjórum fyriræli um frekari rannsókn einstakra mála sem lögreglustjórar hafa sent héraðssaksóknara til ákvörðunar um saksókn, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

Héraðssaksóknari hefur sett sér markmið er lúta að verkefnum og rekstri embættisins. Þá gerir embættið dómsmálaráðuneytinu og embætti ríkissaksóknara skil á markmiðssetningu og áætlanagerð er varðar starfsemina og leitast er við að leggja mat á árangur eftir því sem unnt er. Árlega á embættið sérstakan fund með embætti ríkissaksóknara þar sem m.a. gefast tækifæri á að ræða markmiðssetningu ákærvaldsins, tölfræði mála og aðrar áherslur ríkissaksóknara gagnvart ákærendum ásamt því sem efst er á baugi hverju sinni vegna meðferðar sakamála. Að auki sækja ákærendur héraðssaksóknara fræðslunámskeið ríkissaksóknara og fræðslufundi sem Ákærendafélag Íslands stendur fyrir.

Embætti héraðssaksóknara á samstarf við fjölmargar stofnanir og aðila innan marka þeirra lagaheimilda sem um embættið og starfsemi þess gilda. Þá er embættið einnig virkt í margvíslegu erlendu samstarfi á vettvangi Norðurlanda, Evrópu- og alþjóðasamstarfs er varðar hlutverk, ábyrgð og verkefni lögreglu og ákærvalds. Héraðssaksóknari á jafnframt mikilvægt og gott samstarf við aðrar löggæslu- og réttarvörslustofnanir hér á landi og miðlar og nýtur sérfræðikunnáttu eftir því sem rannsóknarverkefni krefjast að teknu tilliti til lagalegs áskilnaðar.

2. Hlutverk og verkefni héraðssaksóknara

Héraðssaksóknari fer með ákærvald og rannsóknir skatta- og efnahagsbrota og skal vinna að endurheimt og upptöku ólögmæts ávinnings af hvers kyns refsiverðri háttsemi í tengslum við lögreglurannsóknir í landinu. Embættið fer með ákærvald vegna brota gegn ákvæðum almennra hegningarlaga, svo sem kynferðisbrota, meiriháttar fíkniefnamála, meiriháttar líkamsmeiðinga, manndráps af ásetningi og gáleysi, brota í opinberu starfi, almannahættubrota og frelsissviptingar. Héraðssaksóknari rannsakar einnig mál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra, annarra en starfsmanna héraðssaksóknara, en slík mál eru á forræði ríkissaksóknara. Þá fer embættið með rannsóknir brota gegn valdstjórninni og annast starfsemi skrifstofu fjármálagreininga lögreglu líkt og áður greinir. Margvísleg önnur verkefni eru á könnu embættisins, svo sem innra starf, fjármál og rekstur, almenn stjórnarsýslustörf og samstarf við ráðuneyti, aðrar stofnanir og aðila, héraðs sem erlendis.

Kjarnastarfsemi embættisins er meðferð ákærvalds og saksóknarmeðferð sakamála, annarra en þeirra sem lögreglustjórar og ríkissaksóknari fara með lögum samkvæmt, svo og einnig rannsóknir alvarlegra fjármuna- og efnahagsbrota, brota gegn valdstjórninni og brota starfsmanna lögreglu. Vinna varðandi stjórnarsýslu, starfsmannamál, vinnuumhverfi, tölvu- og tækni-mál og fjármál og rekstur styður við kjarnastarfsemi embættisins.

Skipurit héraðssaksóknara eins og það var í árslok 2020.



Skipurit embættis

3. Umfjöllun um helstu verkefni starfssviða

Á *saksóknarsviði 1* fer fram saksóknarmeðferð mála er varða alla helstu brotaflokka almennra hegningarlaga, annarra en auðgunarbrot, svo sem ofbeldis- og kynferðisbrota, meiriháttar brota gegn ávana- og fíkniefnalögum, svo og einnig vegna margvíslegra annarra brota gegn ákvæðum sérrefsilaga.

Á *saksóknarsviði 2* fer fram saksóknarmeðferð mála er varða fjármuna- og efnahagsbrot, meiriháttar brot gegn ákvæðum skattalaga, tollalaga, samkeppnislaga, laga er gilda um fjármálastarfsemi og fjármáلامarkaði og meiriháttar brot gegn lögum sem gilda á sviði umhverfismála, vinnulöggjafar, laga og reglna um hugverkarétt, o.fl.

Á *rannsóknarsviði* embættisins fara fram rannsóknir sakamála er varða meiriháttar efnahags- og skattalagabrot, fjármunabrot og önnur verkefni sem einnig eru talin upp hér áður undir saksóknarsviði 2. Rannsóknarsvið annast einnig rannsóknir brota gegn valdstjórninni samkvæmt XII. kafla almennra hegningarlaga, auk þess að annast rannsóknir mála er varða brot í opinberu starfi, annarra en starfsmanna héraðssaksóknara en forræði rannsókna á síðastnefndum málum er í höndum embættis ríkissaksóknara.

Á *rekstrar- og stjórnslusviði* fer fram öll fjármálaumsýsla, umsjón með starfsmannamálum héraðssaksóknara og öðrum innri málum, verkefnum er varða innkaup og aðföng, skjalastjórn og upplýsingamál, auk þess sem sviðið fer með ábyrgð á margvíslegri stoðþjónustu og öðrum stjórnslutengdum verkefnum.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þar eru upplýsingar greindar og þeim miðlað til hlutaðeigandi yfirvalda til frekari meðferðar, s.s. rannsóknar og saksóknar. Skrifstofan nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart öðrum starfseiningum embættisins.

4. Umfjöllun um helstu markmið starfssviða

Meginmarkmið og leiðarljós héraðssaksóknara eru að annast rannsóknir sakamála og ákæru-meðferð þeirra í samræmi við lagafyrirmæli með skilvirkum og vönduðum hætti.

Öll framangreind svið embættisins hafa sett sér markmið og árangursmælikvarða og vinna samkvæmt verklagsreglum sem um verkefni og starfsemina gilda.

Meginmarkmið á *saksóknarsviði 1* er bætt málsmeðferð í kynferðisbrotamálum. Að ákvörðun um saksókn í kynferðisbrotamálum liggi fyrir sem fyrst og málsmeðferð héraðssaksóknara sé skilvirk og vönduð um leið og gætt sé að málshraða.

Meginmarkmið á *saksóknarsviði 2* hefur verið að gera átak í að ljúka meðferð skattamála sem beðið hafa meðferðar vegna úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu og Hæstaréttar Íslands svo og einnig að skýra betur verkferla og verkaskiptingu vegna meðferðar skattalagabrotamála. Þá er einnig markmið á sviðinu að ljúka að fullu meðferð svonefndra hrunmála en í því felst að saksóknarmeðferð verði lokið.

Bæði *saksóknarsvið* hafa vandaða málsmeðferð að markmiði. Í því felst meðal annars að vanda til ákvarðana í þeim tilfellum þegar ákæra er gefin út í sakamáli og einnig vanda til ákvarðana um niðurfellingu mála, um að rannsókn mála sé hætt og um frávísun kæru. Er markmið að slíkar ákvarðanir séu staðfestar af æðri ákæruvaldshafa, embætti ríkissaksóknara, í miklum meirihluta tilfella. Í þessu felst nánar tiltekið að rökstuðningur ákvarðana héraðssaksóknara í slíkum tilvikum sé vandaður og standist kröfur.

Á *rannsóknarsviði* er meginmarkmið um að gætt sé að málshraðareglu laga um meðferð sakamála um leið og gæði rannsókna og vandvirkni séu tryggð og leitast er við að upplýsa mál. Í þessum efnum er m.a. stuðst við markmiðssetningu ríkissaksóknara og fyrirmæli þess embættis en jafnframt sett innri markmið um málshraða að því er varða upphaf og lok rannsóknar og þætti sem embættið getur leitast við að hafa áhrif á, m.a. með skipulagi og forgangsröðun verkefna.

Á *rekstrar- og stjórnsýslusviði* er gætt að því að rekstur sé innan fjárheimilda og sé skilvirkur og hagkvæmur. Þá hafa verið sett markmið á sviði vinnuumhverfis og umhverfismála í tengslum við verkefnið „Græn skref“ (www.graenskref.is).

Embættið starfar samkvæmt markmiði um að konur og karlar fái sömu laun fyrir sömu störf að teknu tilliti til stöðu og ábyrgðar og var markmiði embættisins náð um að uppfylla kröfur um ferli jafnlaunavottunar/jafnlaunastaðals fyrir árslok 2020 og standast milliúttekt.

Við almenna markmiðssetningu embættis héraðssaksóknara er stuðst við nokkur grunngögn er varða starfsemi og rekstur ákæruvalds- og löggæslustofnunar. Er þar m.a. um að ræða markmiðssetningu samkvæmt fjármálaáætlun ríkisstjórnar, leiðbeiningum og tilmælum sem

embætti ríkissaksóknara hefur sett fram og varða ákærvaldið, markmiðssetningu fjárlaga-frumvarps, stefnumótun ríkisaðila í A-hluta til a.m.k. þriggja ára, sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál, svo og einnig margvísleg önnur gögn sem embætti héraðssaksóknara vinnur með og varðar starfsemina.

Þau meginmarkmið sem sett eru samkvæmt fjármálaáætlun felast einkum í því að tryggja öryggi almennings, gagna og upplýsinga. Einnig að tryggja umhverfi og eignir og samhæfa varnir og viðbrögð við hamförum, hvers eðlis sem þær eru. Þá eru sett fram meginmarkmið um að aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, málsmeðferð sé réttlát, mannréttindi séu virt og að traust ríki til stofnana réttarvörslukerfisins. Þá er enn fremur um að ræða meginmarkmið um að fjármunir ríkisins og málsaðila séu nýttir með hagkvæmum hætti. Markmiðssetning er varðar ákærvaldið hefur einkum varðað málshraða og gæði ákærvaldsstarfa svo og einnig að vinna að því að ljúka eldri málum.

5. Almenn umfjöllun um markmið, áherslur og árangursmat

Hér á eftir verður fjallað um helstu áherslur og aðgerðir og leitast við að leggja mat á árangur af starfsemi héraðssaksóknara vegna verkefna embættisins á árinu 2020 út frá helstu markmiðum og árangursmælikvörðum sem embættið hefur sett sér.

5.1 Áherslur og aðgerðir

Í tengslum við meginmarkmið um að aðgengi að réttarvörslukerfinu sé greitt, málsmeðferð réttlát og mannréttindi virt í hvívetna er m.a. horft til málshraðareglu og fyrirmæla sem embætti ríkissaksóknara gefur út.

5.2 Stytting málsmeðferðartíma og málshraðamarkmið

Rík áhersla hefur verið lögð á styttingu málsmeðferðartíma í kynferðisbrotamálum, vandaða málsmeðferð og mál er varða unga þolendur og gerendur, en þessi sakamál eru til meðferðar á *saksóknarsviði 1*. Hefur ríkissaksóknari lagt sérstaka áherslu á þennan brotaflokk og mælt fyrir um að hann skuli vera í sérstökum forgangi meðferðar ákærvaldsins og þá einkum mál er varða brot gegn 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga.

Að mati embættisins hefur jákvæð þróun í styttingu málsmeðferðartíma vegna kynferðisbrotamála haldið áfram. Er þessu m.a. lýst nánar í ársskýrslu 2018 og 2019. Á árinu 2020 móttók embættið 189 kynferðisbrotamál og afgreiddi alls 182 mál. Var meðalmálsmeðferðartími þeirra 165 dagar eða um fimm og hálfur mánuður. Er mælikvarðinn bundinn við tímamark þegar mál berst embættinu og allt fram til þess tíma er endanleg ákvörðun héraðssaksóknara liggur fyrir, um útgáfu ákæru, niðurfellingu máls, o.s.frv. Rétt er að taka fram að hluti málanna hafði verið sendur í framhaldsrannsókn og er sá tími tekinn með í málsmeðferðartímanum. Lengsti málsmeðferðartími máls var 511 dagar og sá stysti 1 dagur.

Málsmeðferðartími fór yfir 12 mánuði í 4 málum en þau fóru öll í framhaldsrannsókn. Um er að ræða sérstaklega mikilvægan brotaflokk hjá lögreglu og ákærvaldi og því afar brýnt að gætt sé sérstaklega að málshraða um leið og tryggð eru gæði rannsókna og saksókna. Ljóst er að fullt tilefni er til framhaldsrannsókna í hluta kynferðisbrotamála enda hefur þá þurft að rannsaka tiltekin atriði betur, rannsaka ný atriði, o.fl. Þá er einnig mögulegt að sameina þurfi fleiri en eitt mál á sakborning sem kann að leiða af sér einhverjar tafir þar sem ljúka þarf öðrum rannsóknum gagnvart hlutaðeigandi. Í þessum tilvikum er embættið jafnframt háð rannsókn og vinnu annarra embætta lögreglustjóra og hefur allt framangreint áhrif á málshraða.

5.3 Fjöldi ákæruskjala

Heildarfjöldi útgefna ákæruskjala embættis héraðssaksóknara á árinu 2020 nemur alls 221 ákæru. Þar af voru gefnar út 178 ákæru á saksóknarsviði 1 og 43 á saksóknarsviði 2. Er heildarfjöldi ákæruskjala litlu meiri á árinu 2020 en var 2019. Er svo á báðum saksóknarsviðum embættisins þrátt fyrir ríkjandi heimsfaraldur kórónuveiru mestan hluta ársins 2020.

5.4 Niðurfelling sakamála, málsmeðferð, gæðamælikvarði o.fl.

Samkvæmt íslenskum lögum skal sérhver refsiverð háttsemi sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum. Er markmið rannsóknar sakamáls að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar. Sönnunarbyrði um sekt hvílir á ákæruvaldinu og þegar ákærandi hefur fengið gögn máls í hendur og gengið úr skugga um að rannsókn sé lokið athugar hann hvort sækja skuli sakborning til sakar eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið ekki nægjanlegt eða líklegt til sakfellis lætur hann við svo búið standa og fellir mál niður en ella höfðar hann mál á hendur sakborningi. Þá er einnig heimild samkvæmt lögum um meðferð sakamála að vísa kæru frá rannsókn eða hætta henni eftir atvikum. Þá kann lúkning sakamáls einnig að felast í öðrum úrræðum laga um meðferð sakamála, svo sem niðurfellingu saksóknar eða skilorðsbundinni frestun ákæru.

Eins og hér er rakið eru fyrir hendi fjöldamörg önnur lagaleg úrræði í tengslum við meðferð og lúkningu sakamála heldur en útgáfa ákæru og ákærumedferð fyrir dómi. Krefjast þau sakamál engu síður yfirlegu og vandaðrar vinnu lögreglu og ákæranda. Í kafla 6.1 hér á eftir verður fjallað um nýjung við meðferð og lúkningu sakamála þegar um niðurfellingu máls á saksóknarsviði 1 er að ræða í kynferðisbrotamálum gagnvart kærendum og brotaþolum. Í því felst að ákærandi boðar þá til fundar ásamt réttargæslumanni og kynnir og ræðir ákvörðun um mála-lyktir, helstu röksemdir, leiðbeinir um kærurheimild til ríkissaksóknara o.fl.

Brýnt er að vinna ákæranda sé vönduð jafnt í tilfellum ákærumedferðar fyrir dómi sem og við niðurfellingar sakamála. Hefur héraðssaksóknari áður í ársskýrslum 2017 og 2018 getið þess að ákvarðanir embættisins um að fella niður mál, vísa frá kæru eða hætta rannsókn sakamáls hafi við kærumeðferð slíkra ákvarðana hjá embætti ríkissaksóknara, staðist skoðun og verið staðfestar í um 87% tilfella. Hér liggur undir ákvörðun ákæranda og rökstuðningur fyrir slíkri ákvörðun. Hefur markmiðssetning embættisins miðast við að þetta hlutfall staðfesta ákvarðana sé ekki undir 80%. Eins og fyrr greinir var hlutfallið svipað milli árána 2017 og 2018 og þar lágu til grundvallar öll mál og allir brotaflokkar. Var því ákveðið að mæla þetta hlutfall ekki sérstaklega á starfsárinu 2019. Vegna starfsársins 2020 var ákveðið að mæla á ný hlutfall staðfesta ákvarðana ríkissaksóknara í kærumálum vegna niðurfellinga og var ákveðið að taka eingöngu út brotaflokk kynferðisbrotamála. Við mælingar og úrvinnslu gagna allra kynferðisbrotamála sem felld voru niður og sættu kærumeðferð ríkissaksóknara á árinu 2020 er það niðurstaðan að ákvarðanir héraðssaksóknara voru staðfestar af embætti ríkissaksóknara í um 90% tilvika.

5.5 Tölfræði og verkefni rannsóknarsviðs

Rannsóknarsvið héraðssaksóknara annast rannsókn skatta- og efnahagsbrota í víðu samhengi. Undir það geta fallið alvarleg fjármunabrot, skattalagabrot, peningabætti sem og brot á ýmsum sérrefsilögum. Mörg þessara mála eru umfangsmikil og krefjast úrvinnslu og yfirlegu rannsóknarhópa. Oftar en ekki þarf að ráðast í aðgerðir tengt rannsókn málanna, húsleitir, handtökur, yfirheyrslur, rannsaka rafræn gögn, vinna fjármálagreiningar, framkvæma eignakannanir og haldleggja/kyrrsetja eignir, auk þess sem sum málanna hafa alþjóðlegar tengingar sem kallar á erlendar réttarbeiðnir og rannsóknaraðgerðir erlendis. Til viðbótar sinnir rannsóknarsviðið aðstoð við önnur embætti varðandi peningabætti og haldlagningu ávinnings af brotum. Rannsóknarsviðið sinnir einnig réttaraðstoð við önnur ríki í samræmi við þær erlendu réttarbeiðnir sem vísað er til embættisins frá ríkissaksóknara. Fjölgun og styrking á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu síðustu ár hefur haft þau áhrif að greiningum sem þaðan berast hefur fjölgað mikið, auk þess sem þær eru margar hverjar umfangsmeiri en áður var og kalla á ítarlegri rannsókn á mögulega skipulögðum brotum.

Alls bárust rannsóknarsviði embættisins 141 mál á árinu 2020 sem tengjast alvarlegum fjármunabrotum. Af því voru 69 mál frá skattrannsóknarstjóra ríkisins og 14 greiningar frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Þá má geta þess að kærur frá skattrannsóknarstjóra varðandi tekjuskattmál einstaklinga er sniðinn mjög þröngur stakkur, hvað það varðar að rannsókn þeirra mála verður að vera hafin eigi síðar en þegar boðun ríkisskattstjóra um endurákvörðun á sér stað, auk þess sem rannsókn og útgáfu ákæru þarf að vera lokið og fyrirkall birt innan 6 vikna frá endurákvörðun ríkisskattstjóra – að öðrum kosti eru þau ónýt, skv. túlkun á dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Þetta skekkir forgangsröðun mála og hefur þau áhrif að öll tekjuskattmál verða að fara í rannsókn án tafar, hversu stór eða smávægileg þau eru í samanburði við önnur mál sem bíða rannsóknar. Unnið var að breytingum á framkvæmd skattrannsóknna á árinu 2020 sem kom til framkvæmda vorið 2021.

Aukin áhersla hefur verið lögð á endurheimt ávinnings af auðgunarbrotum síðustu árin með haldlagningu og kyrrsetningu eigna. Á það hvoru tveggja við um fjármunabrot og peningabætti sem og um skattalagabrot. Við haldlagningu/kyrrsetningu í skattamálum kemur það oft fyrir að skattrannsóknarstjóri og héraðssaksóknari vinna að því sameiginlega.

Sú skylda hvílir á skiptastjórum þrotabúa að senda embætti héraðssaksóknara tilkynningu ef grunur vaknar um að auðgunar- eða skattalagabrot hafi verið framið í rekstri hins gjaldþrota félags síðustu misseri fyrir gjaldþrot. Á árinu 2020 barst embættinu 117 slíkar tilkynningar. Allar tilkynningar frá skiptastjórum þrotabúa sem berast embættinu á grundvelli 84. gr. laga nr. 21/1991, eru teknar til sérstakrar skoðunar og sakargreiningar hjá embættinu. Almennt séð getur afgreiðsla þeirra verið eftirfarandi:

- Ef grunur er um stórfelld skattalagabrot í rekstri félags er tilkynningin framsend Skattrannsóknarstjóra ríkisins, til þóknanlegrar meðferðar.
- Ef grunur er um minniháttar auðgunarbrot í rekstri félags er tilkynningin framsend viðkomandi lögreglustjóra, til þóknanlegrar meðferðar.

- Ef grunur er um stórfelld auðgunarbrot í rekstri félags er málið tekið til rannsóknar hjá Héraðssaksóknara, en ekki framsent til annarra embætta.
- Ef grunsemdir skv. tilkynningu eiga ekki við rök að styðjast er ekki aðhafst frekar.

Á árinu 2020 var settur saman stýrihópur lögreglu um aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi. Ríkislögreglustjóri skipar fulltrúa í stýrihópinn. Í honum sitja fulltrúi ríkislögreglustjóra, sem jafnframt leiðir hópinn, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum, fulltrúi héraðssaksóknara og að jafnaði tengslafulltrúi Íslands hjá Europol.

Rannsóknarsviðið sinnir jafnframt boðunum fyrir dóm og birtingum fyrir kalla og dóma, auk flutnings gæslufanga fyrir dóm, vegna kröfu um framlengingu gæsluvarðhalds eða til að færa ákærða til aðalmeðferðar. Tveir rannsakendur eru með það verkefni að jafnaði, en oft í mánuði getur það komið upp að fleiri lögreglumenn af rannsóknarsviðinu þurfa að taka þátt í slíkum verkefnum.

Þá má geta þess að 3 fulltrúar af rannsóknarsviðinu sinna alfarið rannsókn mála sem snúa að brotum gegn valdstjórninni, sem og brotum lögreglumanna í opinberu starfi.

5.6 Aukin menntun og þjálfun ákærenda og rannsakenda

Ákærendur hjá embætti héraðssaksóknara sækja námskeið embættis ríkissaksóknara sem boðið er upp á þar sem farið er yfir helstu meginreglur sakamálaréttarfars, refsiréttar og dómafordæmi auk þess sem horft er til helstu nágrannalanda við framsetningu og kennslu. Þá sækja ákærendur embættisins einnig margvíslega aðra fræðslufundi hjá m.a. ríkissaksóknara og Ákærendafélagi Íslands. Að auki sækja lögreglumenn embættisins og ákærendur námskeið hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu og á erlendri grundu hjá Eurojust (evrópsku réttar- aðstoðinni), evrópska lögregluskólanum (CEPOL) og Europol (Evrópulögreglunni).

Segja má að á starfsárinu 2020 hafi námskeiðasókn, sí- og endurmenntun starfsfólks og önnur þjálfun dregist saman. Liggja ástæður þess eflaust í heimsfaraldri kórónuveiru langstærsta hluta ársins 2020. Var þannig ekki um að ræða ferðir á námskeið erlendis auk þess sem fundir færðust meira og minna yfir í fjarfundi með tilheyrandi notkun á fjarfundabúnaði.

5.7 Markmið um fjárhagslegan rekstur

Til að ná því markmiði að fjárhagslegur rekstur embættis héraðssaksóknara sé góður og uppfylli kröfur er byggt á meginmarkmiði um að fjármunir ríkisins og málsaðila séu nýttir með hagkvæmum hætti.

Embætti héraðssaksóknara var rekið innan fjárheimilda á árinu 2020 en um rekstur embættisins er vísað til umfjöllunar í 8. kafla.

6. Nýtt verklag við niðurfellingar mála og ný starfseining

Í ársskýrslum embættisins er gjarnan leitast við að hafa umfjöllun um annað hvort nýjungar eða breytingar sem orðið hafa í starfsemi og skipulagi embættisins eða taka fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni sem brýnt þykir að fjalla sérstaklega um. Í ársskýrslu þessa árs verður fjallað um nýtt verklag á saksóknarsviði 1 og jafnframt fjallað um nýja starfseiningu embættisins, rekstrar- og stjórnsýslusvið.

6.1 Nýtt verklag við niðurfellingar mála á saksóknarsviði 1

Í janúar árið 2018 undirrituðu embætti héraðssaksóknara og lögreglustjórans á Norðurlandi eystra samstarfssamning um tilraunverkefni varðandi niðurfellingar héraðssaksóknara á kynferðisbrotum. Verkefnið stóð til eins árs en það var þáverandi lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, Halla Bergþóra Björnsdóttir, sem átti frumkvæðið að verkefninu. Fram að þessum tíma höfðu ákvarðanir ákærvaldsins um að fella niður kynferðisbrotamál á grundvelli 145. gr. laga um meðferð sakamála, verið sendar kærendum bréfleiðis með ábyrgðarpósti. Kærandi í kynferðisbrotamáli fékk þannig upplýsingar um afdrif máls síns bréflega og sat oft eftir með fjölda spurninga varðandi innihald bréfsins og næstu skref án þess að vita hvert hægt væri að leita. Þolendur kynferðisbrota höfðu bent á þetta og gagnrýnt að fá ekki samtalið „kerfið“ þegar þessar ákvarðanir lögju fyrir.

Tilraunverkefnið gekk út á það að þegar tekin hafði verið ákvörðun um að fella niður kynferðisbrotamál hjá embætti héraðssaksóknara væri sú ákvörðun kynnt kæranda munnlega og meginreglan sú að starfsmenn lögreglustjórans á Norðurlandi eystra boðuðu kæranda á slíkan fund, ásamt réttargæslumanni viðkomandi. Ef kærandi var búsettur utan umdæmis lögreglustjórans var boðið upp á kynningarfund hjá embætti héraðssaksóknara í þeim tilfellum sem kærandi var búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi við Háskólann á Akureyri hafði aðkomu að verkefninu með því að taka viðtöl við alla sem komu að verkefninu með það að markmiði að skoða reynslu kæranda og réttargæslumanna af verklaginu.

Samtarfsverkefnið gekk mjög vel og sýndi rannsókn rannsóknarmiðstöðvar gegn ofbeldi að kærendum og réttargæslumenn voru ánægðir með verklagið og töldu það til bóta. Verkefnið var því framlengt án tímamarka auk þess sem héraðssaksóknari gerði sambærilega samstarfssamninga við önnur lögregluembætti utan höfuðborgarsvæðisins. Í dag stendur þannig öllum kærendum kynferðisbrota til boða að eiga fund með fulltrúum ákærvaldsins þar sem þeim er kynnt sú niðurstaða að fella mál þeirra niður. Á fundinum er farið yfir það sem rannsókn málsins leiddi í ljós, rökin fyrir niðurstöðunni og kæruréttur til ríkissaksóknara kynntur. Kærendum fá tækifæri til að spyrja þeirra spurninga sem vakna og er þeim svarað eftir bestu getu. Þessi nýbreytni við kynningu á niðurfellingum er liður í því að bæta þjónustu réttarvörslukerfisins við þolendur kynferðisbrota.

6.2 Nýtt rekstrar- og stjórnsýslusvið

Hinn 1. janúar 2020 tók gildi sú breyting á skipulagi embættis héraðssaksóknara að sett var á laggirnar nýtt svið, rekstrar- og stjórnsýslusvið. Það tók við verkefnum fyrrum rekstrarsviðs en við bættust ýmis stjórnsýsluverkefni sem áður höfðu ekki verið staðsett á sérstöku sviði. Helstu ástæður breytinganna lágu í sífellt fleiri verkefnum á sviði rekstrar- og stjórnsýslu, skörun slíkra verkefna og jafnframt aukinni þörf fyrir starfseiningu sem vinnur verkefni þvert á embættið. Þykir því rétt að fjalla stuttlega um rekstrar- og stjórnsýslusvið í ársskýrslu 2020 og helstu verkefni þess.

Rekstrar- og stjórnsýslusvið hefur umsjón með rekstri og fjármálum embættisins og annast vinnu við áætlanagerð, stendur hlutaðeigandi ráðuneyti skil á ársáætlun, langtímaáætlun og annarri fjárhagstengdri stefnumótun. Þá fer sviðið með ýmis stoðþjónustutengd verkefni svo sem verkefni ritara, móttaka og símsvörun, kaup á aðföngum og rekstrarvörum, meðferð reikninga, ýmiss konar þjónusta við starfsfólk o.fl. Jafnframt fellur umsýsla húsnæðis undir sviðið.

Þá annast rekstrar- og stjórnsýslusvið umsýslu og meðferð mála sem tengist starfsmannahaldi ásamt því að vinna með og að gerð eða endurskoðun stofnanasamninga við stéttarfélag. Sviðið hefur einnig borið ábyrgð á verkefnum og framkvæmd þeirra í tengslum við styttingu vinnuvikunnar sem samið var um á grundvelli kjarasamninga. Er jafnframt starfandi sérstakur umbótagópur starfsfólks um styttingu vinnuvikunnar á embættinu.

Skjalastjórn embættisins fellur undir starfsemi sviðsins en í því felst m.a. stefnumörkun, skipulag og umsjón með skjalasafni og skjalavistunarkerfi embættisins ásamt samskiptum við Þjóðskjalasafn Íslands. Unnið hefur verið með nýja gæðahandbók embættisins. Þá annast sviðið einnig málefni ytri- og innri vefs. Hefur innri vefur sannað gildi sitt í upplýsinga- og fréttamiðlun til starfsfólks en þar eru m.a. birtar innri gæðareglur embættisins, upplýsingar um viðburði o.fl.

Jafnframt annast sviðið margvísleg önnur stjórnsýslutengd verkefni, verkefni á borð við erindi borgara, samskipti við Alþingi, ráðuneyti, stofnanir og aðra aðila, umsagnir um lagafrumvörp, reglur og önnur verkefni stjórnvalda, samskipti við erlenda aðila o.fl. Markvisst hefur verið unnið að gerð ýmissa verklagsreglna og leiðbeininga um innri starfsemi embættisins auk þess sem sviðið hefur umsjón með gerð og árlegri útgáfu ársskýrslu.

Ný stjórnsýsluverkefni svo sem á vettvangi mannauðsmála, persónuverndar og tengdra málefna eru í sífelldum vexti. Verkefni tengd jafnlaunavottun er eitt af þeim viðfangsefnum sem hafa bæst við á síðari árum og rekstrar- og stjórnsýslusvið hefur með höndum. Embættið hlaut jafnlaunamerki 2019 að undangenginni aðalúttekt ásamt því sem það stóðst milliúttekt í október 2020. Annað dæmi um nýleg verkefni er umhverfisverkefnið um græn skref í ríkisrekstri sem rekstrar- og stjórnsýslusvið hefur haft umsjón með í samstarfi við sérstakan vinnuhóp starfsfólks. Að lokum hafa nýleg lög um persónuvernd og auknar kröfur í þeim efnum leitt til aukinnar vinnu í samstarfi við persónuverndarfulltrúa lögreglu, fullnustu og ákærvalds.

7. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu hjá héraðssaksóknara (SFL) annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Hinn 1. janúar 2019 voru samþykkt á Alþingi ný heildarlög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Markmið laganna er að koma í veg fyrir peningabætti og fjármögnun hryðjuverka með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka til að þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og tilkynna um það til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vakni grunur um eða verði þeir varir við slíka ólögæta starfsemi.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er sjálfstæð starfseining hjá héraðssaksóknara og er aðskilin annarri starfsemi embættisins. Stöðugildum á skrifstofunni hefur fjölgað úr einu árið 2016 í átta árið 2020.

Skrifstofan tekur á móti tilkynningum um viðskipti þar sem grunur er um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, aflar eftir atvikum nauðsynlegra viðbótarupplýsinga og miðlar síðan þeim greiningum til hlutaðeigandi yfirvalda til frekari meðferðar. Greiningar sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu framkvæmir eru annars vegar aðgerðagreining, sem beinist að einstökum málum eða tilteknum viðfangsefnum eða viðeigandi völdum upplýsingum, allt eftir tegund og umfangi fyrirliggjandi upplýsinga og notkun þeirra að greiningu lokinni, og hins vegar stefnumiðuð greining, sem ætlað er að greina þróun og mynstur við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Á árinu 2020 bárust 2033 frá tilkynningarskyldum aðilum, stjórnvöldum og almenningi. Undanfarin ár hefur tilkynningum fjölgað töluvert og var það m.a. ein af ástæðunum fyrir því að skrifstofan innleiddi nýtt kerfi til að móttaka tilkynningar frá tilkynningarskyldum aðlinum en þeirri innleiðingu lauk á árinu 2020. Flestar tilkynningar bárust frá fjármálafyrirtækjum líkt og undanfarin ár. Þessa fjölgun tilkynninga má líklega rekja til þess að starfsemi SFL og eftirlitsaðila var eflað sem og meiri vakning hefur orðið í þessum málaflokki eftir úttekt FATF og þær úrbætur sem unnar voru í kjölfar hennar.

Móttæknar tilkynningar:	2018	2019	2020
Fjármálafyrirtæki	1176	1551	1959
Stjórnvöld	18	61	39
Aðrir tilkynningarskyldir aðilar	6	31	32
Almennur borgari	3	2	3
Samtals	1203	1645	2033

Þá voru enn fremur unnin margvísleg önnur stjórnsýsluverkefni er varða málefnasviðið s.s. aðkoma að lagasetningu o.fl.

7.1 Fræðsla á vegum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu

Það er jafnframt hlutverk SFL að sjá um fræðslu og útgáfu fræðsluefnis fyrir tilkynningarskylda aðila. Þrátt fyrir ástandið í samfélaginu vegna Covid-19 var SFL og í samstarfi við eftirlitsaðila með a.m.k. 13 fræðslufundi á árinu 2020 fyrir lífeyrissjóði, tryggingafélög, fjármálafyrirtæki, bílasala, fasteignasala og lögmenn svo eitthvað sé nefnt. Einnig var gefið út fræðsluefni til tilkynningaskyldra en það efni og fleira má finna á heimasíðu skrifstofunnar.

7.2 Fjórða úttekt FATF á fjármálakerfinu á Íslandi

Í október 2019 var Ísland sett á gráa listann hjá FATF í kjölfar fjórðu úttektar FATF á fjármálakerfinu á Íslandi sem hófst að hausti 2016. Niðurstaða þeirrar úttektar var sú að varnir Íslands væru ófullnægjandi. Í kjölfar úttektarinnar setti dómsmálaráðherra á laggirnar sérstakan stýrihóp sem héraðssaksóknari á aðild að sem hefur margþætt hlutverk, m.a. það tryggja eftirfylgni og úrbætur vegna athugasemda FATF, stuðla að samræmdu eftirliti á grundvelli viðeigandi lagaákvæða, stuðla að fræðslu og aukinni þekkingu í málaflokknum og sinna stefnumótun, tryggja yfirsýn, samvinnu og samstillu varnir gegn peningabætti og fjármögnunar hryðjuverka, þar á meðal fjármögnun geryðingarpopna.

Eftir að niðurstaða FATF um ófullnægjandi varnir lág fyrir var landið í sett í sérstaka eftirfylgni og gefið ár til þess að vinna úr athugasemdum frá FATF. Mikil vinna fór af stað hjá stjórnvöldum en þrátt fyrir mikla vinnu og úrbætur var Ísland sett á gráa listann. Í kjölfar þess gerðu stjórnvöld aðgerðaráætlun sem síðan var samþykkt af FATF. Ísland hafði lokið öllum aðgerðum á áætluninni í júní 2020 og í september kom nefnd á vegum FATF til Íslands. Nefndin hitti öll þau stjórnvöld sem komu að framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar til að fá staðfestingu á því að öllum aðgerðum væri lokið. Nefndin komast að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði lokið öllum aðgerðum og í kjölfarið, á fundi FATF í október 2020, var Ísland tekið út af gráa listanum.

7.3 Alþjóðlegt samstarf

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt er kemur að aðgerðum gegnum peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Eins og áður hefur komið fram erum við hluti af og tökum þátt í starfi FATF. Þessi framkvæmdahópur gefur m.a. út tilmæli um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og eru þau notuð í yfir 180 ríkjum í heiminum í dag. Aðildarríki FATF skuldbinda sig til þess að fara eftir þessum tilmælum. Í úttektum FATF er skoðað hvort lönd hafi innleitt og fari eftir þessum tilmælum FATF líkt og gert var í á Ísland.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er einnig aðili að Egmont Group (EG) sem er alþjóðlegur samstarfsvettvangur skrifstofa sem taka á móti tilkynningu um grun um peningabætti eða

fjármögnun hryðjuverka. EG var stofnað 1995 til að auka samvinnu á milli landa í þessum mála-
flokki. Í dag eru 167 skrifstofur aðilar að EG og eru haldnir reglulegir fundir með öllum skrif-
stofunum nokkrum sinnum á ári. Með þessari aðild getur skrifstofan nálgast upplýsingar hjá
öðrum systurskrifstofum í gegnum öruggt póstkerfi hjá EG.

	2018	2019	2020
Beiðnir til erlendra systurstofnanna	17	9	28
Beiðnir frá erlendum systurstofnunum	9	10	13


Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu er jafnframt í góðu samstarfi við hinar norrænu þjóðirnar
og hafa starfsmenn skrifstofanna á norðurlöndunum verið að hittast einu sinni á ári.

8. Rekstur embættisins

Hér verður fjallað um helstu atriði er varða rekstrarmálefni embættis héraðssaksóknara á árinu 2020.

8.1 Mannauðsmál


Á eftirfarandi mynd má sjá fjölda starfsmanna í árslok 2020 en þeir voru samtals 68.



Fjöldi starfsmanna í árslok 2020

Ársverk árið 2020 voru rúmlega 62. Munur milli fjölda starfsmanna í starfssambandi og fjölda ársverka er vegna hlutastarfa og ýmiss konar fjarveru starfsmanna í starfssambandi, svo sem vegna fæðingarorlofa og langtímaleyfa.

Konur eru meirihluti starfsmanna en hlutföll kynja 2020 má sjá á myndinni hér á eftir.



Kynjahlutfall starfsmanna í árslok 2020

Héraðssaksóknari hefur gert stofnanasamninga við stéttarfélag starfsmanna en þar er annars vegar um að ræða einn samning við BHM-félag og hins vegar samning við SFR (nú Sameyki).

Héraðssaksóknari hefur sett starfseminni margvíslegar innri reglur er varða annars vegar fagleg verkefni og hins vegar starfsmannahald og rekstur. Embættið hlaut jafnlaunavottun á árinu 2019 og stóðst milliúttekt haustið 2020. Þá hafa verið gefin út leiðbeinandi tilmæli til starfsmanna um innri mál. Embættið vinnur samkvæmt skilgreiningu umhverfisverkefnis um græn skref og hefur sett sér markmið í þeim efnum.

8.2 Húsnæði

Héraðssaksóknari er til húsa að Skúlagötu 17 í Reykjavík og er um að ræða leiguhúsnæði sem er 1.665 fm að stærð. Núverandi leigusamningur er frá miðju ári 2016 og gildir til ársins 2031.


8.3 Verkefni um græn skref í ríkisrekstri

Héraðssaksóknari tekur þátt í verkefni um græn skref í ríkisrekstri. Verkefnið felst í því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi og efla umhverfisvitund starfsfólks. Fylgt er skýrum gátlistum sem skipt er upp í fimm skref. Hvert skref inniheldur á bilinu 20-40 aðgerðir sem stofnanir þurfa að innleiða í rekstur sinn og miða aðgerðirnar einkum að venjulegri skrifstofustarfsemi. Veitt er viðurkenning fyrir hvert skref sem stofnanir ljúka við. Embættið lauk við fyrsta græna skrefið haustið 2019 og hlaut 2. og 3. skref á árinu 2020. Embættið hefur sett sér langtímamarkmið um að ljúka öllum fimm skrefunum í árslok 2021. Ásamt grænum skrefum vinnur embættið að verkefni um hjólavottun sem felst m.a. í því að hvetja vinnustaði og innleiða bætta hjólreiðamenningu, bæta aðbúnað fyrir viðskiptavinum og starfsfólk sem leiðir

til þess að fleiri velji umhverfisvæna og heilbrigða ferðamáta í daglegu lífi. Verður áfram unnið að þessum verkefnum.


8.4 Fjárheimildir og útgjöld

Fjárheimildir og útgjöld embættisins á árinu 2020 hafa verið sem hér segir:



Fjárheimildir og útgjöld 2020

Á eftirfarandi mynd má sjá skiptingu útgjalda embættisins fyrir 2020.



Útgjöld 2020

Lokaorð

Með útgáfu ársskýrslu héraðssaksóknara vegna ársins 2020 er veitt innsýn í helstu lykilþætti í starfsemi embættisins, birtar tölulegar upplýsingar um fjölda ákærumála og kærumála og jafnframt leitast við að leggja mat á árangur af starfsemi embættisins. Ljóst er að hér er á ferðinni verkefni sem er til sífelldrar endurskoðunar um fjölmarga þætti, m.a. efnistöð, markmið, árangursmat og mælikvarða. Er metnaður til að veita upplýsingar sem þýðingu hafa vegna starfsemi héraðssaksóknara. Þannig er einsýnt að markmið og mælikvarðar kunna að taka breytingum eftir því sem fram líða stundir en markmið embættisins er að gefa út ársskýrslu á seinni helmingi hvers árs.